

## STARFSLEYFI

Hinn [...] tók Persónuvernd eftirfarandi ákvörðun í máli nr. [...]:

### 1.

#### *Um leyfisskyldu*

Persónuvernd hefur ákveðið að veita fjárhagsupplýsingastofunni [...] starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. nú 2. mgr. 15. gr. laganna. Í starfsleyfisskyldu felst m.a. að á starfsleyfishafa hvíla, auk þeirra skyldna sem fram koma í lögnum, og reglum með stöð í þeim, þær skyldur er greinir í skilmálum starfsleyfis þessa. Brot geta m.a. leitt til þess að fjárhagsupplýsingastofa teljist að mati Persónuverndar ekki líkleg til að geta fullnægt skyldum sínum og verður henni þá ekki veitt endurnýjað starfsleyfi. Auk þess kann hún þá eftir atvikum að vera svipt leyfi.

Starfsleyfi Persónuverndar tekur til skráningar upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra, auk gerðar og afhendingar skýrslna um láns hæfi. Sérstaklega er tilgreint í 10. gr. leyfisins hvaða reglur gilda um lögaðilaupplýsingar.

Leyfið tekur ekki til öflunar upplýsinga um skuldastöðu einstaklings samkvæmt beiðni hans.

### 2.

#### *Vinnsla sem heimil er vegna færslu skrár um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga*

Leyfi Persónuverndar til fjárhagsupplýsingastofunnar [...] er bundið eftirfarandi skilmálum um hvaða vinnsla persónuupplýsinga sé heimil vegna færslu skrár um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga:

#### 2.1.

##### *Almennt um heimila vinnslu*

Í skrá samkvæmt grein þessari má aðeins fara þær upplýsingar sem taldar eru upp í ákvæði 2.2. Þá er gert að skilyrði að löginheimta sé hafin gegn hinum skráða, svo sem að stefna hafi verið birt eða að hann hafi skriflega viðurkennt fyrir kröfuhafa að skuld sé fallin í gjalddaga. Aldrei má taka á skrá viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018, né heldur upplýsingar um refsiverða háttsemi, sbr. 12. gr. sömu laga.

Heimil er vinnsla upplýsinga sem hafa verið löglega birtar eða gerðar aðgengilegar í opinberum gögnum og sem eðli sínu samkvæmt hafa þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða, sbr. lið 2.2.1. Þá er heimil vinnsla þeirra upplýsinga frá áskrifendum sem hafa slíka þýðingu og fyrr greinir, sbr. lið 2.2.2. Ef upplýsingar, sem mæla gegn láns hæfi hins skráða, eru orðnar 4 ára gamlar má ekki miðla þeim.

Óheimil er skráning og miðlun upplýsinga um umdeildar skuldir. Það á við ef skuldari hefur sannanlega komið andmælum við skuld á framfæri við kröfuhafa, greint honum frá ástæðu andmælanna og skuldin hefur ekki verið staðfest með aðfararhæfum dómi eða aðfararhæfri ákvörðun sýslumanns sem kunngjörð hefur verið í opinberri auglýsingu. Fallist sýslumaður, að tekinni slíkrri ákvörðun, á andmæli skuldara þannig að fullnustugerð nái ekki fram að ganga telst skuldin aftur vera umdeild.

Telji fjárhagsupplýsingastofa vafa geta leikið á um lögmati kröfu, jafnvel þó að skuldari hafi ekki hreyft við andmælum samkvæmt 3. mgr., skal hún hafna skráningu á kröfunni.

Fjárhagsupplýsingastofa skal ávallt hafa á reiðum höndum nauðsynlegar upplýsingar til að geta sýnt fram á að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Þá skal hún gæta þess, í samskiptum sínum við áskrifendur, að þeir geti lagt fram afrit frumgagna, svo sem skuldaviðurkenninga og stefna, ef þörf krefur.

## 2.2.

### *Nánar um söfnun upplýsinga*

Starfsleyfi þetta heimilar söfnun upplýsinga um nöfn einstaklinga, heimilisföng þeirra og kennitölur auk fjárhagsupplýsinga, í eitt miðlægt gagnasafn og miðlun þeirra í samræmi við 4. gr. leyfis þessa. Upplýsinganna má afla með eftirfarandi hætti:

### 2.2.1.

#### *Upplýsingar úr opinberum gögnum*

Úr opinberum gögnum má fjárhagsupplýsingastofa safna:

- 1. Upplýsingum dómstóla um skuldara samkvæmt uppkveðnum dómum, eða samkvæmt áritunum dómara á stefnur í málum þar sem ekki hefur verið mætt fyrir stefnda við þingfestingu máls eða þingsókn hefur síðar fallið niður af hans hálfu, sbr. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Slíkar upplýsingar má aðeins skrá ef um er að ræða skuld eða skuldir sama skuldara við tiltekinn kröfuhafa sem nema a.m.k. kr. 60.000,- að höfuðstóli hver skuld.*
- 2. Upplýsingum um framkvæmd fjárnáms, samkvæmt málaskráum um fjárnámsbeiðnir sem sýslumenn halda í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 17/1992. Upplýsingar um árangurslaus fjárnám má skrá án tillits til fjárhæðar fjárnámskraftna, en um fjárnám með árangri því aðeins að fjárhæð viðkomandi fjárnámskröfu nemi a.m.k. kr. 60.000,- að höfuðstóli.*
- 3. Upplýsingum um uppbod sem sýslumaður hefur þegar auglýst í Lögbirtingablaðinu, í dagblöðum eða á annan hátt í samræmi við 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Einnig er heimilt að skrá upplýsingar um framhald nauðungarsölu sem sýslumaður hefur auglýst í Lögbirtingablaði samkvæmt 5. mgr. 35. gr. sömu laga, enda verði þá allar undangengnar uppbodsauglýsingar, er varða sömu eign, fjarlægðar úr safni upplýsinga um hinn skráða.*
- 4. Upplýsingum um töku búa til gjaldþrotaskipta sem fengnar eru úr skráum þeim um gjaldþrotaskipti, sem héraðsdómstólar halda í samræmi við reglugerð nr. 226/1992. Heimild þessi tekur eingöngu til þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 2., 3., 6. og 8. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar.*
- 5. Upplýsingum um nauðasamningsumleitanir, staðfesta nauðasamninga, innkallanir og skiptalok sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu, sbr. 1. mgr. 44. gr., 2. mgr. 59. gr., 5. mgr. 85. gr. og 2. mgr. 162. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.*
- 6. Upplýsingum um innkallanir til lánardrottna vegna umsókna um greiðsluáðlögun sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga.*
- 7. Upplýsingum um greiðslustöðvanir sem fengnar eru úr skráum þeim sem héraðsdómstólar halda samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 226/1992. Aðeins er átt við þær upplýsingar sem tilgreindar eru sérstaklega í umræddu ákvæði reglugerðarinnar.*
- 8. Upplýsingum frá fyrirtækjaskrá um stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga, enda hafi þeir staðið að a.m.k. tveimur slíkum félögum sem úrskurðuð hafa verið gjaldþrota síðastliðin 4 ár.*



Sé félag án stjórnar eða framkvæmdastjórnar við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús til gjaldþrotaskipta er heimilt að safna upplýsingum um þá einstaklinga sem síðast voru skráðir í fyrirsvári fyrir félagið allt að sex mánuðum áður en úrskurður var kveðinn upp.

Heimild til skráningar samkvæmt þessum tölulíð nær ekki til upplýsinga um varamenn í stjórn.

9. *Upplýsingum um gerða kaupmála og fjárræðissviptingar sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaðinu*, sbr. 2. mgr. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og 3. tölul. 14. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.

## 2.2.2.

### *Upplýsingar frá áskrifendum*

Frá áskrifendum má safna upplýsingum um skuldir einstaklinga sem nema a.m.k. kr. 60.000,- að höfuðstóli, enda hafi fjárhagsupplýsingastofa fengið óyggjandi skriflegar upplýsingar er staðfesti tilvist viðkomandi skuldar og um að a.m.k. eitt eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

1. Skuldari hafi skriflega gengist við því fyrir kröfuhafa (áskrifanda) að krafa sé í gjalddaga fallin.
2. Skuldari hafi fallist á að greiða skuldina með *sátt* sem er aðfararhæf samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.
3. Skuldara hafi með dómi, úrskurði eða áritaðri stefnu verið gert að greiða skuldina.
4. Skuldara hafi sannanlega verið birt boðun í fyrirtöku fjárnámsgerðar sem ekki hefur verið unnt að ljúka vegna fjarveru hans.
5. Skuldara hafi sannanlega verið birt greiðsluáskorun vegna skuldarinnar, enda uppfylli hún:
  - 5.1. Öll skilyrði 7. gr. laga nr. 90/1989, og fyrir liggja að frestur samkvæmt því ákvæði sé liðinn
  - 5.2. Öll skilyrði 9. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og fyrir liggja að frestur samkvæmt því ákvæði sé liðinn.
6. Fyrir liggja sannanlega vanefndur nauðasamningur, samningur eða nauðasamningur til greiðsluaðlögunar sem skuldari hefur gert og áskrifandi er aðili að.
7. Skuldari hafi með sérstakri yfirlýsingu í láns- eða skuldaskjali, sem skuldin er sprottin af, fallist á að áskrifandi óski skráningar fjárhagsupplýsingastofu á vanskilunum, enda séu skilyrði til þeirrar heimildar uppfyllt. Slík heimild skal vera áberandi og skýr í skjalinu og við það miðuð að vanskil hafi varað í a.m.k. 40 daga. Áskrifandi sem óskar skráningar á grundvelli slíkrar heimildar skal um leið ábyrgjast að honum sé ekki kunnugt um að skuldari hafi nokkrar réttmætar mótbárur gegn greiðslu skuldarinnar. Beiðni um skráningu skal undirrituð af lögmanni í þjónustu áskrifanda eða fulltrúa hans.
8. Skuldari hafi með áritun á svonefnda eignaleysisyfirlýsingu, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., fallist á að kröfuhafi óski skráningar hennar hjá fjárhagsupplýsingastofu, enda sé slík heimild skýr og áberandi í skjalinu.
9. Skuldari hafi ekki innan 3 vikna orðið við áskorun lánardrottins, sem birt hefur verið honum eftir sömu reglum og gilda um birtingu stefnu í einkamáli, um að lýsa því skriflega yfir að hann verði fær um að greiða skuld við hlutadeigandi lánardrottinn þegar hún fellur í gjalddaga eða innan skamms tíma ef hún er þegar gjaldfallin, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, sbr. lög nr. 95/2010 og 78/2015.

## 3.

*Gerð skýrslna um láns hæfi einstaklinga*

Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að gera skýrslur um láns hæfi einstaklinga á grundvelli tölfraeðilíkans sem metur líkur á greiðslufalli og færslu upplýsinga á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Jafnframt er fjárhagsupplýsingastofu heimilt að miðla þessum skýrslum til aðila sem veita fjárhagslega fyrirgreiðslu, enda liggja sannanlega fyrir beiðni hins skráða um að viðkomandi aðili afli slíkrar skýrslu vegna óskar hins skráða um þess háttar fyrirgreiðslu. Skal liggja fyrir að við framlagningu slíkrar beiðni hafi viðkomandi aðili veitt hinum skráða skriflega fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga vegna gerðar skýrslunnar, sbr. 4. mgr. Undir beiðnina getur fallið, að því gefnu að það sé þar skýrt tekið fram, að skýrslan verði uppfærð reglulega til notkunar við þjónustu eins og þá sem lýst er í 5. og 6. mgr. 4. gr. í leyfi þessu, enda sé slíkt nauðsynlegt vegna áhættustýringar.

Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að vinna með upplýsingar úr opinberum gögnum við gerð skýrslna um láns hæfi, auk upplýsinga sem hinn skráði samþykkir með óþvingaðri, sértækri, upplýstri og ótvíræðri viljayfirlýsingu að notaðar séu við gerð slíkra skýrslna. Um notkun upplýsinga úr skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga fer eftir 2. mgr. ákvæðis 5.3 í leyfi þessu, auk þess sem líta má til vöktunar innheimtuaðila samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sem áhrifaþáttar, enda sé sú skuld sem til innheimtu er ekki umdeild í skilningi 3. mgr. ákvæðis 2.1. Að öðru leyti er notkun upplýsinga sem tengjast skránni, þ. á m. um uppflettingar, óheimil við gerð umræddra skýrslna.

Því aðeins skal vinna með upplýsingar við gerð skýrslna um láns hæfi að þær hafi raunverulegt vægi við mat þar að lútandi. Skal Persónuvernd hvenær sem er geta fengið í hendur lýsingu frá fjárhagsupplýsingastofu á því hvaða breytum skýrslunnar byggjast á, hvert vægi þeirra er, svo og hverjar röksemdirnar eru fyrir því að þær hafi raunverulegt vægi.

Jafnframt skulu hinir skráðu, þegar þeir leggja fram beiðni um öflun skýrslu, vera upplýstir um hverjar breytur eru. Til að tryggja að svo sé skal fjárhagsupplýsingastofa útbúa staðlaða fræðslu sem liggur frammi hjá þeim sem veita fjárhagslega fyrirgreiðslu. Hinum skráða skal veittur kostur á frekari fræðslu með upplýsingum um vægi einstakra breytna, svo og aðgangi að skýrslu um láns hæfi sitt sér að endurgjaldslausu. Sé þess óskað má senda frekari fræðslu, ásamt skýrslunni, á skráð lögheimili hins skráða, en einnig má veita aðgang á öruggu, aðgangsstýrðu vefsvæði.

Fjárhagsupplýsingastofu er óheimilt að miðla til áskrifenda upplýsingum um hvaða tilteknu breytur hafi áhrif á niðurstöðu skýrslu um láns hæfi hins skráða heldur er eingöngu heimilt að upplýsa þá um tölfraeðilegar niðurstöður. Fjárhagsupplýsingastofu er þó heimilt að greina áskrifendum frá því hvort byggt sé á breytum sem hinn skráði hefur sérstaklega samþykkt, en þá skal þess sem endranær gætt að ekki sé upplýst um hverjar þessar tilteknu breytur séu.

## 4.

*Miðlan persónuupplýsinga*

Miðla má upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, sem skráðar eru með heimild í leyfi þessu, með stafrænum hætti um örugga fjartengingu, enda sé aðeins mögulegt að fletta upp einum einstaklingi í einu.

Af þeim upplýsingum sem fjárhagsupplýsingastofa fær frá áskrifendum má hún aðeins miðla til annarra áskrifenda upplýsingum um nafn, heimilisfang og kennitölu skuldara, hvort vanskil séu fyrir hendi þegar uppfletting fer fram og fjárhæð kröfu. Af þeim upplýsingum sem hún fær úr opinberum gögnum má hún aðeins miðla til áskrifenda upplýsingum um nafn, heimilisfang og kennitölu skuldara, fjárhæð kröfu og hver sé grundvöllur skráningar, svo sem hvort um ræði áritun á stefnu, gjaldprotaskipti, framkvæmd fjárnáms eða töku bús til gjaldprotaskipta. Taka skal fram hvaðan upplýsingar úr opinberum gögnum eru fengnar.



Óheimilt er að miðla upplýsingum sé fjárhagsupplýsingastofu kunnugt um að krafa sé ekki lengur í vanskilum – svo sem vegna skuldajöfnuðar, þess að hún hafi verið felld niður, greidd eða henni komið í skil með öðrum hætti.

Óheimilt er að miðla upplýsingum um hve oft tilteknum einstaklingi eða einstaklingum hefur verið flett upp.

Heimilt er að veita þjónustu sem felst í því að bera skilgreindar kennitölur, sem fengnar eru frá áskrifendum, reglulega saman við skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, sem og skýrslur um lánshæfi, sbr. 3. gr. leyfis þessa. Er þess háttar vöktun háð því skilyrði að vinnslan sé nauðsynleg við innheimtu krafna eða vegna áhættustýringar við veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu í formi úttektar- eða lánsheimilda. Einungis má veita innheimtuaðilum, þar sem starfa lögmenn, umrædda þjónustu í þágu innheimtu krafna. Þá skal hinn skráði fyrirfram hafa fengið skýra, skriflega fræðslu um vöktunina þegar hún þjónar áhættustýringu vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og skal liggja sannanlega fyrir að sú fræðsla hafi verið veitt áður en samningssamband um fyrirgreiðsluna komst á.

Með vöktun samkvæmt framangreindu er ekki átt við miðlun lista heldur þjónustu sem felst í því að fylgjast með og láta áskrifanda vita ef tiltekinn einstaklingur er færður á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga eða ef breyting verður á lánshæfi. Þjónustan heimilar fjárhagsupplýsingastofu einnig að láta áskrifanda vita ef upplýsingar samkvæmt liðum 2.2.1 og 2.2.2, er varða einstakling sem nýtur lánafyrirgreiðslu hjá áskrifanda, eru færðar af skrá sem hann heldur, enda hafi áskrifandi lögvarða hagsmuni af því að fá vitneskju um það.

Um miðlun fer að öðru leyti að 6. gr. reglugerðar nr. 246/2001.

## 5.

### *Réttindi hins skráða*

#### 5.1.

#### *Fræðsluskylda*

Hinn skráði á rétt á fræðslu frá fjárhagsupplýsingastofu um að hún hafi fært nafn hans á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Slíka fræðslu skal stofan veita honum eigi síðar en 14 dögum áður en hún miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn. Hún skal veita honum að lágmarki þá fræðslu sem hann þarf til að geta gætt hagsmuna sinna. Það skal gert skriflega og honum að kostnaðarlausu.

#### 5.1.1.

#### *Um hvað á að fræða?*

Í fræðslu skal meðal annars greina frá eftirfarandi atriðum:

1. hvert sé nafn og heimilisfang fjárhagsupplýsingastofu og hvernig unnt sé að hafa samband við hana;
2. hvernig hafa megi samband við persónuverndarfulltrúa;
3. hver sé tilgangur vinnslunnar;
4. hvaða persónuupplýsingar um viðkomandi verði unnið með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. hverjir verði viðtakendur upplýsinga, þ. á m. hvort ætlunin sé að miðla upplýsingum um Netid, hvernig og til hverra.

Ef ekki liggur fyrir nein réttargjörð, sem staðfestir réttleika upplýsinga um vanskil, skal geta þess í fræðslu að þeim verði eytt af skrá, snúi viðkomandi sér til stofunnar og andmæli tilvist kröfu eða fjárhæð hennar. Greina skal frá því að slíkri mótbáru megi koma á framfæri munnlega eða skriflega.

Um efni fræðslu vísast að öðru leyti til 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

#### 5.1.2.

##### *Hvernig skal fræða?*

Fjárhagsupplýsingastofa skal senda fræðslutilkynningu á skráð lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Auk þess er heimilt að senda hana með rafrænum hætti á sérstakt og öruggt vefsvæði, svo sem í heimabanka, enda hafi áður verið aflað samþykkis hins skráða fyrir því. Verði fjárhagsupplýsingastofa þess vör að fræðsla hafi ekki komist til skila, eða hafi hún ástæðu til að ætla að svo sé, skal hún senda hinum skráða aðra tilkynningu.

Senda skal tilkynningu samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 14 dögum áður en upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn. Hafi fræðslutilkynning verið endursend, og fjárhagsupplýsingastofa kannað hvort hinn skráði hafi fengið nýtt heimilisfang samkvæmt þjóðskrá, og reynt að senda honum nýja tilkynningu þangað, en hún verið endursend, eða send um hæl með áritun um að hann hafi ekki vitjað sendingar, eða neitað að veita henni viðtöku, má stofan hafa nafn hans á skrá. Skal hún þá ávallt hafa undir höndum gögn er staðfesti að hún hafi fylgt framangreindu verkferli og geta framvísað þeim að ósk Persónuverndar.

#### 5.1.3.

##### *Þegar upplýsinga er aflað frá binum skráða*

Þegar upplýsinga er aflað hjá hinum skráða sjálfum ber fjárhagsupplýsingastofu að veita honum fræðslu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Það á við óháð því hvernig upplýsingaöflun fer fram, svo sem hvort hún eigi sér stað símleidis eða í viðtali við hinn skráða.

Veita skal þær upplýsingar sem taldar eru upp í lið 5.1.1 í leyfi þessu. Byggi fjárhagsupplýsingastofa vinnslu á lögmatum hagsmunum, sbr. 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. og f-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skal auk þess tilgreint hverjir þeir séu.

Um efni fræðslu vísast að öðru leyti til 13. gr. reglugerðarinnar, þ. á m. 2. mgr. ákvæðisins um upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu.

#### 5.1.4.

##### *Tilkynningar um uppflettingar og öflun skýrsla um lánsþæfi*

Þegar áskrifandi aflar sér persónuupplýsinga um hinn skráða skal fjárhagsupplýsingastofa láta hann vita af því. Skal tilkynning þar að lútandi send hinum skráða eigi síðar en mánuði frá uppflettingu í skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust. Hið sama á við um öflun skýrsla um lánsþæfi sem á sér stað við vöktun á kennitölu eftir að skýrsla um hinn skráða var aflað í fyrsta sinn að veittri fræðslu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. leyfis þessa.

Tilkynningu samkvæmt 1. mgr. má senda í almennum bréfpósti. Þá má senda hana með rafrænum hætti í samræmi við það fyrirkomulag í þeim efnunum sem lýst er í 1. mgr. liðar 5.1.2 í leyfi þessu.

#### 5.2.

##### *Rangar eða villandi upplýsingar*

Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta án tafar. Sé það óheimilt vegna ákvæða í lögum getur Persónuvernd bannað áframhaldandi notkun á þeim.

Hafi röngum, villandi eða ófullkomnum upplýsingum verið miðlað, eða þær notaðar á annan hátt, ber fjárhagsupplýsingastofu, eftir því sem henni er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á



hagsmuni hins skráða. Í því skyni skal hún senda skriflega leiðréttingu til allra sem fengið hafa slíkar upplýsingar í hendur. Hún skal einnig fræða hinn skráða um það hverjir hafa fengið upplýsingarnar og hvaðan þær hafa komið.

### 5.3.

#### *Afskráning og eyðing upplýsinga*

Fjárhagsupplýsingastofa skal afskrá upplýsingar um einstakar skuldir af skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga sé vitað að þeim hafi verið komið í skil. Jafnframt skal afskrá upplýsingar um skráðan kaupmála af skránni ef þau hjón sem hann gerðu eru skilin að lögum, svo og upplýsingar um greiðsluadlögun þegar greiðsluadlögunartímabili, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluadlögun einstaklinga, er lokið. Þá skal fjárhagsupplýsingastofa ávallt afskrá upplýsingar af skránni, sem mæla gegn lánshæfi hins skráða, þegar þær verða 4 ára gamlar. Stofan má þó geyma upplýsingar í 3 ár til viðbótar ef þær lúta ströngum aðgangstakmörkunum og ef þess er vandlega gætt að engir aðrir hafi aðgang að þeim en þeir starfsmenn stofunnar sem þess þurfa nauðsynlega starfs síns vegna. Að þeim fresti liðnum skal þeim eytt.

Upplýsingar, sem varðveittar eru í 3 ár til viðbótar í samræmi við framangreint, má nýta til að verða við beiðnum frá skráðum einstaklingum um vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig og til að leysa úr ágreiningi um réttmæti skráningar. Að hámarki þar til 2 ár eru liðin frá því að upplýsingum var komið í skil eða þær náðu 4 ára aldri er einnig heimilt að nýta þær í þágu gerðar skýrslna um lánshæfi að beiðni hins skráða, enda sé ekki miðlað neinum upplýsingum um kröfurnar sjálfar heldur eingöngu tölfræðilegum niðurstöðum. Önnur notkun upplýsinganna er óheimil.

Um eyðingu og leiðréttingu rangra eða villandi persónuupplýsinga gilda að öðru leyti ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, en um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga, sem hvorki eru rangar né villandi, fer samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

### 5.4.

#### *Um andmælarétt hins skráða*

Hinn skráði á rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig. Ef andmæli hans lúta að því að upplýsingar séu óreiðanlegar, t.d. þar sem skuld hafi verið greidd eða henni komið í skil með greiðslu eða annarri aðferð, getur fjárhagsupplýsingastofa hvorki gert þá kröfu til hans að hann beri erindið upp skriflega né sett sem skilyrði að hann leggi fram skrifleg gögn máli sínu til sönnunar. Skal fjárhagsupplýsingastofa jafnframt ganga úr skugga um áreiðanleika andmæla, svo sem með því að bera málið undir viðkomandi áskrifanda/kröfuhafa, enda liggja ekki þegar fyrir nauðsynlegar upplýsingar sem sýni fram á réttmæti andmæla.

Svara skal andmælum skriflega og ekki síðar en að 14 dögum liðnum. Þetta á bæði við þegar hinn skráði telur upplýsingar vera rangar eða villandi og þegar hann telur vinnsluna vera óheimila. Eigi andmæli rétt á sér skal leiðrétta upplýsingar, loka fyrir aðgang að þeim eða eyða þeim eftir því sem við á, sbr. ákvæði 5.2 og 5.3 í leyfi þessu. Fallist fjárhagsupplýsingastofa ekki á andmæli hins skráða skal hún skýra honum frá rétti hans til að kvarta yfir synjuninni til Persónuverndar.

### 5.5.

#### *Um aðgangsrétt hins skráða*

Fjárhagsupplýsingastofu er hvenær sem er skylt að verða við ósk hins skráða um svör um vinnslu persónuupplýsinga um sig. Hann á rétt á að vera upplýstur um hvaða áskrifendur hafa sótt upplýsingar um hann eða vakt að kennitölu hans og til hvers. Þá á hann meðal annars rétt á þeim upplýsingum um vinnslu sem taldar eru upp í lið 5.1.1. í leyfi þessu. Um þau efnisatriði, sem hinn skráði á rétt á upplýsingum um, vísast að öðru leyti til 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018.

Auk veitingar upplýsinga um vinnslu samkvæmt 1. mgr. er skylt að afhenda hinum skráða endurrit af þeim upplýsingum um hann sem fjárhagsupplýsingastofa hefur undir höndum.

Svör samkvæmt þessari grein skulu veitt skriflega og send hinum skráða í bréfpósti eða á öruggan, rafrænan hátt. Auk þess má veita upplýsingar munnlega að ósk hins skráða, sem og afhenda honum endurrit upplýsinga í eigin persónu, enda sanni hann á sér deili.

Ekki er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir veitingu upplýsinga og afhendingu endurrita nema aðgangsbeiðnir séu tilefnislausar eða óhóflegar eða beðið sé um fleira en eitt endurrit af upplýsingum, sbr. 5. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018. Skal gjald ekki fara fram úr kostnaði við afgreiðslu beiðni.

Svara skal beiðnum hins skráða samkvæmt þessari grein svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 14 daga frá móttöku þeirra. Verði fjöldi beiðna og það hversu flóknar þær eru til þess að ómögulegt sé fyrir fjárhagsupplýsingastofu að afgreiða beiðni innan þessa frests má hún þó gera það síðar – en þá skal hún, innan frestsins, útskýra ástæðu tafarinnar og hvenær svars sé að vænta. Hámarksframlenging frests er 2 mánuðir.

Hafi fjárhagsupplýsingastofa undir höndum aðrar upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni hans lýtur að skal hún greina honum frá því og upplýsa hann um rétt sinn til að kynna sér þær af eigin raun.

## 6.

### *Samningsgerð við áskrifendur*

Fjárhagsupplýsingastofa skal gera skriflega samninga við áskrifendur sína. Hún ber ábyrgð á því að í áskriftarsamningum komi eftirfarandi fram:

1. Að í hvert sinn sem áskrifandi fletti einstaklingi upp í skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust, afli skýrslu um láns hæfi hans eða hefji vöktun á kennitölu hans skuli tilgreina og skrá til hvers það sé gert.
2. Að áskrifandi, sem nýtir sér þjónustu fjárhagsupplýsingastofu vegna veitingar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu, ábyrgist að upplýsingaöflun og kennitöluvöktun helgist ávallt af lögmætum hagsmunum vegna slíkra viðskipta og eftir atvikum, lagaskyldu.
3. Að áskrifandi, sem nýtir sér þjónustu fjárhagsupplýsingastofu vegna innheimtu krafna, ábyrgist að uppflettingar og kennitöluvöktun helgist ávallt af lögmætum hagsmunum vegna slíkrar starfsemi.
4. Að áskrifandi, sem hafið hefur vöktun á kennitölu, láti af vöktun hennar þegar ekki eru lengur til staðar lögmætir hagsmunir af vöktuninni.
5. Að áskrifandi, sem hefur með höndum innheimtu krafna, ábyrgist í samningum við viðskiptavini sína að hann þekki reglur um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og tryggji að að kröfur, sem skuldari hefur sannanlega andmælt, verði ekki sendar til skráningar.
6. Að áskrifandi, sem sendir upplýsingar til skráningar á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, ábyrgist að honum sé ekki kunnugt um að skuldari hafi nokkrar réttmætar mótbáruir gegn greiðslu skuldarinnar.
7. Að áskrifandi láti fjárhagsupplýsingastofu vita ef skuld er greidd eða henni komið í skil með öðrum hætti.
8. Að áskrifandi megi ekki afrita skrá fjárhagsupplýsingastofu, samtengja hana við aðrar skrár eða vinna hana á nokkurn annan hátt, þótt hann kunnir að fá tækifæri til slíks, t.d. vegna tæknibilunar eða fyrir mistök.



9. Að hver sá er fái aðgang að skrá fjárhagsupplýsingastofu skuli hafa eigið aðgangsorð sem honum sé óheimilt að láta öðrum í té eða endurnýta, t.d. við starfsmannaskipti.

10. Að hinum skráða verði ávallt veitt lögskyld fræðsla.

11. Að synji áskrifandi hinum skráða um lánveitingu, vegna upplýsinga sem komi úr þeim skráum sem leyfi þetta tekur til, verði honum greint frá því.

12. Að allar vinnsluáðgerðir einstakra notenda verði rekjanlegar.

Komi í ljós að áskrifandi hafi brotið gegn skilmálum í áskriftarsamningi ber fjárhagsupplýsingastofu að tilkynna það tafarlaust til Persónuverndar. Jafnframt ber fjárhagsupplýsingastofu að grípa til viðhlítandi ráðstafana með það fyrir augum að hindra að brot endurtaki sig. Í því felst að rifta ber samningi við áskrifanda sé skrá notuð í óheimilum tilgangi tvisvar á 12 mánuðum. Að liðnum 6 mánuðum má semja við hann að nýju. Verði áskrifandi aftur uppvís að óheimilli notkun innan 6 mánaða frá gerð nýs samnings skal honum sagt upp og skal honum ekki gefinn kostur á nýjum samningi fyrr en að 12 mánuðum liðnum.

## 7.

### *Öryggi persónuupplýsinga*

#### 7.1.

#### *Öryggisráðstafanir*

Fjárhagsupplýsingastofa skal, við alla vinnslu persónuupplýsinga sem leyfi þetta tekur til, gæta þess að haga henni með sanngjörnum, málefnalegum og gagnsæjum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir, tæknilegar og skipulagslegar, til að hindra misnotkun persónuupplýsinga og vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Tryggja skal rekjanleika uppflettinga þannig að í hvert skipti sem uppfletting á sér stað, eða fyrirspurn er gerð, skráist hver gerði hana, hvaða upplýsingar voru unnar, hvernig, hvenær og hvers vegna. Varðveita skal upplýsingar úr slíkri atvikaskrá í tvö ár.

Öll gagnaskipti milli fjárhagsupplýsingastofu og áskrifenda, um óvarið internet, skulu vera á dulkóðuðu formi. Nota skal öruggar fjartengingar. Fái áskrifendur aðgang að gögnum fjárhagsupplýsingastofu í gegnum vefsíðu skal stofan viðhafa allar nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og vernd gegn óleyfilegum aðgangi, svo sem með því að nota sérstök aðgangsstýrd vefsvæði.

#### 7.2.

#### *Tilkynningar um öryggisbrestir*

Tilkynna skal um öryggisbrestir til Persónuverndar nema ólíklegt sé að slíkur brestur leiði til áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Þá skal tilkynna hinum skráða um öryggisbrest leiði hann af sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi hans. Um tilkynningarskylduna, þ. á m. tímafresti, fer nánar eftir 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 33. og 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

## 8.

### *Þagnarskylda*

Hver sá sem starfar hjá fjárhagsupplýsingastofu er þagnarskyldur um þau atriði sem hann kemst að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Hann skal undirrita þagnarheit og helst þagnarskyldan þótt látið sé af starfi.

## 9.

*Skýrslugjöf til Persónuverndar*

Fjárhagsupplýsingastofa skal ársfjórðungslega tilkynna Persónuvernd um hve margir áskrifendur hafa aðgang að upplýsingum hjá stofunni, hver heildarfjöldi notenda hjá áskrifendum er, hve margir einstaklingar eru á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust, hve mikið er þar skráð af hverri tegund upplýsinga, hversu margar kennitölur eru vaktar og hve margir einstaklingar falla í hvern lánshæfisflokk sem skýrslur um lánshæfi miðast við.

## 10.

*Vinnsla upplýsinga um lögaðila*

Við skráningu og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sem og gerð skýrslna um lánshæfi þeirra, skal í einu og öllu farið að reglugerð nr. 246/2001, sem og þeim ákvæðum laga nr. 90/2018 sem tilgreind eru í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. þeirra laga og lúta að skyldum þeirra sem vinna með upplýsingar um lögaðila.

## 11.

*Um breytingar, gildistíma o.fl.*

Persónuvernd tekur skilmála þessa til endurskoðunar telji hún ástæðu til þess. Þeir standa við hlið ákvæða laga nr. 90/2018, reglna settra á grundvelli þeirra, auk reglugerðar (ESB) 2016/679, og eru þeim til fyllingar.

Meiri háttar breytingar á vinnslu persónuupplýsinga eru háðar leyfi Persónuverndar, en minni háttar breytingar nægir að tilkynna fyrir fram til stofnunarinnar. Stöðvun á rekstri og vinnslu skal tilkynna þegar í stað.

Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hún sjálf ber ábyrgð á, enda hafi hún áður sannreynt að hann geri viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vinnslan fullnægi lagalegum kröfum og að réttindi skráðra einstaklinga séu tryggð, sbr. nánari ákvæði í 25. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Hverjum þeim er starfar í umboði fjárhagsupplýsingastofu eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli í vinnslusamningi nema lög mæli fyrir á annan veg.

Leyfi þetta öðlast gildi [...] og gildir til [...].